

1870.

1. nóvbr.

96. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun handa prófdóm- anda við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík.

Með bréfi 3. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem skólameistari við hinn lærða skóla í Reykjavík, Jens Sigurðsson, sækir um, að megi veita forstöðumanni barnaskólans í sama bæ, Helga E. Helgesen, sem á þessu ári var skikkaður til að vera prófdómandi við burtfararpróf í hinum lærða skóla, 10 rd. þóknun fyrir aðstoð þessa skólanum til handa, og hafið þér stungið uppá, að þessa upphæð megi borga skólastjóra Helga Helgesen af því fê, sem veitt er handa skólanum með fjárhagslögum þessa árs til ymsra útgjalda.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum fellst á uppástungu yðar og sèrstaklega af því, að sá, sem hær á í hlut, er ekki embættismaður; þó verður að gæta þess, að farið verði ekki fram úr nefndri fjárveiting handa skólanum með þessu.

1. nóvbr.

97. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærslurètt sveitarómaga.

Í bréfi 15. júlí þ. á. með fylgiskjöllum hafið þér, herra amtmáður, borið undir dómsmálastjórnina til úrslita ágreining nokkurn, sem orðið hefir milli yðar og amtmannsins í norður- og austurumdæminu um það, hvort Svalbarðstrandarhreppur í norðurumdæminu eigi að endurgjalda Breiðvíkurhrepp í vesturumdæminu 19 rd. 16 sk., sem fátækrastrjórnin í hinum síðar nefnda hrepp hefir veitt Jóni heitnum Jónssyni á Saxhóli árið 1864, og hvort ekkja hans og börn sè sveitlæg þar; einnig svo um það, hvort Breiðvíkurhreppur eigi að borga aptur Svalbarðstrandarhrepp 10

rd., sem einhverju sinni var endurgoldið hinum fyrnefnda hrepp fyrir sveitarstyrk, veittan tæðum Jóni Jónssyni árið 1855.

1870.
1. nóvbr.

Um leið og þér sendið þetta mál hingað, hafið þér, herra amtmaður, getið þess, að Svalbarðstrandarhreppur hafi skorast undan, að endurgjalda styrk þann, sem veittur var Jóni Jónssyni árið 1864, af þeirri ástæðu, að sá styrkur, sem hann fékk árið 1855, sè honum veittur ólöglega, og gæti því ekki tekizt til greina sem sveitarstyrkur, nè staðið honum fyrir, að ná framfærslurètti í Breiðuvíkurbrepp, þar sem hann, eptir að hann hafði farið burt úr fæðingarhrepp sínum, — en það er Svalbarðstrandarhreppur — og án þess að hafa áunnið sér rètt til framfærslu í nokkrum öðrum hrepp, settist að árið 1847, og dvaldist síðan í samfellu til dauðadags árið 1867. Ef menn geta fallizt á þessa skoðun um styrk þann, sem veittur var Jóni Jónssyni 1855, álitíð þér það efalaust, að Jón Jónsson hafi þegar öðlazzt rètt til framfærslu í Breiðuvíkurbrepp á þeim tíma, er honum var aptur veittur fátækra-styrkur 1864, og yrði þá ekki heimað, að Svalbarðstrandarhreppur endurgjaldi styrkinn, nè þessi hreppur verði álitinn skyldur til að framfæra ekkju hans og börn eptirleiðis; en þér vilið ekki játa, að þessi skoðun sè rétt, þar sem þér gegn því, sem hinn parturinn tekur til, sumpart skírskotið til skriflegrar kvittunar Jóns Jónssonar frá 1855 fyrir því, að hann hafi tekið við styrknum, og að hann sè honum veittur eptir beiðni hans, sumpart getið þess, að Svalbarðstrandarhreppur seinna hafi endurgoldið styrkinn og þá játað með því, að krafan væri rétt, og viðurkennt, að öll rök hafi verið til að veita styrkinn og endurgjalda hann; að endingu hafið þér einnig skírskotað til þess, sem bóndinn Gísli Guðmundsson og þeir tveir menn, sem voru hreppstjórar í Breiðuvíkurbrepp 1855, hafa borið fyrir lögreglurètti Snæfellsnessýslu.

Stjórnarráðið getur samt sem áður ekki sèð annað, en að framburður þessara manna aðeins mjög lítið rýri það, sem Jón Jónsson sjálfur hefir ítarlega sagt frá árið 1868 gagnstætt þessu, en það styrkist ennfremur af því, sem ekkja hans árið eptir undir sáluhjálpareid skýrði frá um þessi atvik: samkvæmt sögn þeirra hjóna hafa hreppstjórnir í Breiðuvíkurbrepp talið hann á, að biðja um sveitarstyrk, sem hann samkvæmt skilningi fátækralag-

1870.

1. nóvbr.

anna ekki þarfnæðist, og heldur ekki varði beinlínis til viðurværis sèr og sínum. Ennfremur verður stjórnarráðið að halda, að menn geti gjört sèr skiljanlegt, hversvegna styrkurinn var endurgoldinn árið 1858, af því, að úrskurður stjórnarráðsins 2. septbr. 1858¹⁾, í máli, þar sem líkt stóð á, og búið var að endurgjalda veittan sveitarstyrk, var þá enn ekki fallinn, en með honum var það ákveðið, að það, að búið væri að endurgjalda fátækra- styrkinn, gæti ekki staðið manni fyrir að öðlast rétt til framfærslu í annari sveit; svo er og það, að hin skriflega kvittun Jóns Jónssonar sýnir ekki, að hann hafi beðið um styrkinn sökum fátæktar. Ofan á þetta bætist, að hvernig sem á málið er litið, þá er augljóst, að styrkurinn er veittur án þess að grennslazt hafi verið eptir efnaleysi og högum hlutaðeiganda, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 8. janúar 1834 9. gr., og gefst yður hërmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr auglýsið það, að stjórnarráðinu virðist ekki, að það verði lagt á Svalbarðstrandarhrepp, að endurgjalda tæða 19 rd. 16 sk., eða taka að sèr framfærslu ekkju og barna nefnds Jóns Jónssonar, en aptur ámóti þykir ekki vera næg ástæða til að láta Breiðuvíkurhrepp borga aptur það, sem var endurgoldið fyrir 12 árum af hálfu Svalbarðstrandarhrepps.

3. nóvbr.

98. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um ferða-áætlun póstgufuskipsins 1871.

Útaf bræfi fjárstjórnarinnar 24. septbr. þ. á., viðvíkjandi uppástungu um ferðaáætlun póstgufuskipsins *Díönu* árið 1871, höfum vèr mælt til, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi segði álit sitt um þetta mál; höfum vèr nú fengið bréf það, sem hèr fylgir með, frá tæðum embættismanni, og verður stjórnarráðið fyrir sitt leyti í öllum verulegum greinum að fallast á það. Fyrst og fremst verðum vèr að mæla með því, að ferðaáætlunin 1871 verði alveg sú hin sama og ferðaáætlun þessa árs (3. uppástunga), en getum aðeins til vara fallizt á 2. uppástungu, þannig, að því verði sleppt

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 227.